

# HAFNASAMBAND SVEITARFÉLAGA

Alþingi

Erindi nr. P 130/345

komudagur 27.11.2003

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

Reykjavík 24. nóvember 2003

150 REYKJAVÍK

Ha 70/2003 BLB/IH

## Efni: Frumvarp til laga um verndun hafs og stranda

Á fundi stjórnar Hafnasambands sveitarfélaga, sem haldinn var föstudaginn 21. nóvember sl., var m.a. fjallað um bréf Umhverfisnefndar Alþingis um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda, dags. 31. október 2003.

Stjórn Hafnasambands sveitarfélaga samþykkti umsögn um frumvarpið á fundi 10. janúar sl., sem send var með bréfi dags. 21. janúar 2003.

*Stjórnin ítrekar fyrri athugasemdir og gerir eftirfarandi athugasemdir sem ekki hafa komið fram áður:*

Um 3. gr.

Ítrekar athugasemd frá 21.1.2003 þar sem ekki hefur verið tekið tillit til ábendinga um skilgreiningar á hugtökunum minni- og meiriháttar mengun sem taki mið af stærð og umfangi hafna.

Um 7. gr.

Hvorki er fjallað um skyldu þess sem mengun veldur að tilkynna réttum aðilum um óhappið né hver (hverjir) þessir aðilar eru. Lagt er til að bætt verði inn í greinina ákvæði sem kveður á um þetta.

Um 11 gr.

Ítrekar athugasemd frá 21.1.2003 þar sem ekki hefur verið tekið tillit til ábendingar um ósamræmi á orðalagi við kröfur um töku þjónustugjalda.

Um 13 gr.

Í greininni segir að kostnaður af rekstri svæðisráða skuli borinn af sveitarstjórnnum. Greinin kveður einnig á um hlutverk svæðisráða og í því ljósi má ætla að megin hluti kostnaðar falli á sveitarfélög þó svo að aðrar greinar frumvarpsins gefi vísendingar um annað. Þetta þarf að skýra og forða hafnarsjóðum (sveitarsjóðum) frá þessum útgjöldum án bóta.

Um 14 gr.

Ítrekar athugasemd frá 21.1.2003 þar sem ekki hefur verið tekið tillit til ábendingar um ábyrgð Umhverfisstofnunar á aðgerðum og kostnaði verði meiriháttar mengunaróhöpp á hafnarsvæðum ásamt nauðsyn þess að skilgreina minniháttar og meiriháttar mengun miðað við stærð og umfang hafnar.

Um 16 gr.

Greinin fjallar m.a. um váttryggingar og ábyrgð hugsanlegra mengunarvalda. Í 3. m.gr. hennar segir „*Peir sem flytja olíu, eiturefni eða hættuleg efni eða stunda atvinnustarfsemi sem talin er upp í fylgiskjali l skulu taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu að mati Umhverfisstofnunar, allt að 1 milljón SDR, svo sem nánar er tilgreint í reglugerð og skal váttryggingarfjárhæðin nema sömu fjárhæð.*“ Lagt er til að málsgr. breytist og upphaf hennar verði; ***Peir sem flytja og dreifa.....***

Um 19. gr.

Ítrekar athugasemd frá 21.1.2003 þar sem ekki hefur verið tekið tillit til ábendingar um geymslu mengunarvarnarbúnaðar.

Um 20. gr.

Lögð er til breyting á 2. m.gr. greinarinnar þannig að hún verði svo hljóðandi: *Hafi skip, pallar eða önnur mannvirki í íslenskri mengunarlögsögu strandað eða sokkið þannig að þeim verði ekki komið á flot ber eiganda að fjarlægja þau sem fyrst og eigi síðar en sex mánuðum eftir strand.*

Virðingarfyllst

HAFNASAMBAND SVEITARFÉLAGA

*Birgir L. Blöndal*

Birgir L. Blöndal